

Fundargerð 467. fundar Framkvæmdanefndar búvörusamninga haldinn 21. ágúst 2024 kl. 13:00 á Teams.

Þessir tóku þátt í fundinum:

Sigurður Eyþórsson, formaður nefndarinnar og sérfræðingur á skrifstofu landbúnaðar í matvælaráðuneytinu (MAR), Bryndís Eiríksdóttir, nefndarmaður og sérfræðingur á skrifstofu landbúnaðar í MAR, Rafn Bergsson, nefndarmaður og formaður deildar nautgripabænda innan BÍ, Herdís Magna Gunnarsdóttir, nefndarmaður og varaformaður BÍ, Hrefna Rós Matthíasdóttir nefndarmaður og sérfræðingur í fjármálaráðuneytinu og Axel Sæland nefndarmaður og formaður deildar garðyrkjubænda innan BÍ. Auk þess tók Þorvaldur Tómas Jónsson sérfræðingur í MAR þátt í fundinum. Fundargerð ritaði Kristín Sigfúsdóttir, stjórnarráðsfulltrúi MAR.

Þetta var gert:

1. Fundargerð síðasta fundar.

Fundargerð 466 hefur þegar verið samþykkt af nefndinni og birt á vef matvælaráðuneytisins. Fram kom að Trausti Hjálmarsson hefur látið af störfum í nefndinni sem fulltrúi BÍ og Axel Sæland verið skipaður í staðinn. Axel var boðinn velkominn til starfa.

2. Erindi frá Bændasamtökum Íslands; Ráðstöfun fjármuna til kolefnishlutleysis garðyrkjunnar 2024.

Fjárheimild til kolefnishlutleysis í garðyrkju var kr. 17.929.988, 2023 en kr. 6.262.550 var ráðstafað af framkvæmdanefnd sbr. Fundargerð 463. Eftirstöðvar eru því kr. 11.667.438

Tillaga BÍ er að skiptist þannig:

Ráðgjafamiðstöð landbúnaðarins	3.000.000
VOR verndun og ræktun	7.770.939
Umsýsla Bændasamtala Íslands	896.499
Samtals	11.667.438

Erindið hefur þegar verið samþykkt rafrænt af nefndinni en er bókað í fundargerð nú.

Tillagan samþykkt samhljóða

3. Erindi frá Bændasamtökum Íslands; Ráðstöfun fjármuna til kynbótaverkefna í garðyrkju 2024.

Tillaga er um að öllu fjármagninu kr. 19.489.474 verður ráðstafað til stofnræktunar á kartöflum í samstarfi BÍ og Matís. Fjármunir greiðast BÍ.

Tillagan samþykkt samhljóða

4. Tillaga að innlanlandsvog kindakjöts 2025

Framleiðslutengdum greiðslum búvörusamnings í sauðfjárrækt er dreift á þá framleiðslu sem vogin gerir ráð fyrir að mæti þörf innanlandsmarkaðar.

Innanlandsvog 2025 á dilkakjöti verður gefin út á heimasíðu ráðuneytisins.

Tillagan er samþykkt samhljóða

5. Tillaga að ráðstöfun umframfjármuna til lífrænnar aðlögunnar 2023-2024.

Óráðstafað fjármagn árin 2023 og 2024 er kr. 61.513.924. Ráðuneytið gerir tillögu um að því verði ráðstafað til þriggja verkefna í aðgerðaáætlun um lífræna framleiðslu.

Tillaga MAR er að skiptist þannig:

Framlengdur samningur við VOR (Lífrænt Ísland) 2025/2026	30.000.000
Fjárfestinga- og tækjastyrkir Aðgerð 1.3. í aðgerðaráætlun	30.000.000
Aukin gagnaöflun Aðgerð 4.1 í aðgerðaráætlun	1.513.924
Samtals	61.513.924

Tillagan er samþykkt samhljóða

Fleira ekki tekið fyrir